



Akraneskaupstaður

Menningar- og safnamál á Akranesi

Tillaga að skipulagsbreytingum
ásamt greinargerð

10. september

2015

MENNINGAR- OG SAFNAMÁL

Tillögur

Tillaga 1 - Menningar- og safnamál - sérstakur málaflokkur

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að undirbúa ráðningu forstöðumanns sem hafi yfirumsjón með menningar- og safnamálum á Akranesi.

Undir verksvið forstöðumanns heyrir bókasafn Akraness, sem hefur ákveðið sjálfstæði skv. lögum nr. 150/2012, Byggðasafnið í Görðum (minjasafn, steinasafn, íþróttasafn, Guðnýjarstofa, bátasafn), héraðsskjalasafn og ljósmyndasafn. Forstöðumaður hefur einnig yfirumsjón með listaverkasafni Akraness, undirbúning og eftirlit með samningum við einstaklinga og fyrirtæki á sviði menningar- og lista, s.s. vegna reksturs Bíóhallarinnar og starfsemi í Akranesvita, auk þess að hafa yfirumsjón með viðburðum og hátíðarhöldum á vegum Akraneskaupstaðar. Skoðað verði hagkvæmni þess að Tónberg, salur tónlistarskólans á Akranesi heyri einnig undir málaflokkinn menningar- og safnamál en salurinn tilheyrir tónlistarskólanum. Meginverkefni forstöðumanns verður að stýra menningar- og safnamálum á Akranesi, þ.m.t. að hafa yfirumsjón með starfs- og fjárhagsáætlunargerð málaflokksins, undirbúningi funda menningar- og safnanefndar og eftirfylgni, markaðsmálum og öflun styrkja auk starfsmannamála. Forstöðumaður heyrir beint undir bæjarstjóra sbr. drög að breyttu skipuriti, fskj. 1 sem tekur gildi þegar nýr forstöðumaður tekur til starfa.

Tillaga 2 - tilfærsla á störfum

Bæjarráð felur bæjarstjóra að kynna skipulagsbreytinguna fyrir stjórnendum og starfsmönnum málaflokksins og bjóða fastráðnum starfsmönnum ný og breytt starfsheiti og verkefni í samræmi við sameiningu málaflokksins, sbr. fskj. 2.

Tillaga 3 - breytingar á opnunartíma Byggðasafnsins í Görðum og Bókasafns Akraness

Bæjarráð samþykkir að breyta opnunartíma byggðasafnsins og bókasafnsins með eftirfarandi opnunartímum:

Bókasafnið verði opið frá kl. 12.00 – 18.00 virka daga en að auki tvær morgunopnanir frá kl. 10:00 – 12:00 vegna sögustunda fyrir börn annarsvegar og áttthagastunda fyrir almenning hinsvegar. Opið verður á laugardögum yfir vetrartímann eins og er nú er. Breytingin taki gildi 1. janúar 2016. Byggðasafnið verði lokað frá og með 1. október og frá 1. janúar til 1. maí 2016 verði bæði Byggðasafnið og Safnaskálinn lokað vegna endurnýjunar á sýningum. Tekið verði á móti hópum samkvæmt sérstöku samkomulagi á þessu tímabili og gegn gjaldi, þar sem það á við.

MENNINGAR- OG SAFNAMÁL


Greinargerð

Forsaga

Akraneskaupstaður hefur fjárfest mikið í menningarmálum og rekur öflugan tónlistarskóla með mjög vel útbúnum tónlistarsal, glæsilegt bókasafn, héraðsskjalasafn, ljósmyndasafn og byggðasafn. Einnig styrkir bærinn rekstur Bíóhallarinnar, stendur fyrir Írskum dögum með myndarlegu fjárframlagi og menningarhátíðinni Vökudögum.


Bæjarráð Akraness samþykkti að gera úttekt á rekstri menningarmála haustið 2014 og fékk Björn Steinar Pálmason, sem er fyrrverandi bæjarstjóri á Grundafirði, sagnfræðingur með meistarapróf í viðskiptafræði til verkefnisins og skilaði hann skýrslu í janúar 2015 (sbr. fskj. 3).

Markmið með úttektinni var að fá yfirsýn yfir kostnað vegna menningarmála á Akranesi. Í skýrslu Björns Steinars kom fram að heildarkostnaður við menningarmál (að undanskildum tónlistarskólanum) á árinu 2013 var 28,9 þ.kr. á íbúa og hafði farið hækkandi frá árinu 2009, miðað við verðlag 2014, eða úr 24,9 þ.kr. á íbúa. Kostnaðurinn var hæstur árið 2010 eða 30,4 þ.kr. á íbúa.¹



Björn Steinar bar einnig saman rekstrarkostnað menningarmála á Akranesi við kostnað annarra sveitarfélaga. Þar kom meðal annars fram að kostnaður við menningarmál á Akranesi í hlutfalli við skatttekjur er hærri en landsmeðaltalið. Kostnaður er 4,2 % á landinu öllu og 2,4 % á höfuðborgarsvæðinu (utan Reykjavíkur) á meðan að kostnaðurinn er 4,9 % á Akranesi.

¹ Úttekt á rekstri menningarmála. Björn Steinar Pálmason. Tafla bls. 3.



Kostnaðurinn hefur farið lækkandi á Akranesi miðað við árið 2007, en þá námu útgjöld vegna menningarmála 5,6 % af skatttekjum. ²

Í fjárhagsáætlun ársins 2015 voru settar um 174 mkr. í menningarmálin, þ.e. söfnin og viðburði og um 142 mkr. í tónlistarskólann. Fjárveiting til verkefnanna skiptast með eftirfarandi hætti:

| | Starfsemi | Innri leiga | Samantekið |
|-------------------------------|-----------|-------------------|----------------|
| Menningar- og safnanefnd | 1.382 | | 1.382 |
| Verkefnastjórn - viðburðir | 1.046 | | 1.046 |
| Bókasafn | 52.687 | 38.940 | 91.627 |
| Byggðasafn (framlag Ak) | 33.455 | 4.840 (húsaleiga) | 38.295 |
| Bíóhöllin | 5.237 | 15.851 | 21.088 |
| Menningarráð Vesturlands | 5.025 | | 5.025 |
| Hátíðarhöld og viðburðir | 14.364 | | 14.364 |
| Styrkir (leikfélag og fleira) | 942 | | 942 |
| Samtals | | | 173.769 |

² Úttekt á rekstri menningarmála. Björn Steinar Pálmason. Tafla bls. 4.

Eins og fram kemur í yfirlitinu þá fer töluverður kostnaður í innri leigu en bókasafnið og tónlistarskólinn eru í nýlegu og afar góðu húsnæði sem skýrir háar kostnaðartölur.

Byggðasafnið í Görðum

Byggðasafnið í Görðum rekur sögu sína til ársins 1959. Starfssvæði þess er Akranes og Hvalfjarðarsveit og starfar safnið á grundvelli safnalaga nr. 141/2011, laga um menningarminjar nr. 80/2012, þjóðminjalaga nr. 140/2011 og siðareglu Alþjóðaráðs safna (ICON). Markmið safnsins er að safna, skrá, varðveita, rannsaka og sýna minjar og önnur þjóðleg verðmæti, sem hafa menningarlegt og sögulegt gildi fyrir byggðarlögin á starfssvæði safnsins s.s. fyrri tíðar búskaparháttu, sögu sjávarútvegs, siglinga, verslunar, iðnaðar og annarra atvinnugreina sem og félags- og menningarsögu svæðisins í víðasta skilningi.

Hvalfjarðarsveit á 10% hlut í safninu og greiðir rekstrarkostnað í samræmi við eignarhluta. Safnið er með um 2.000 m² sýningarrými. Safnið er byggðasafn en þar er einnig Íþróttasafn Íslands ásamt steinasafni. Á safninu er einnig sýningarsalur þar sem hægt er að setja upp ýmsar sýningar. Leigt hefur verið húsnæði undir geymslu og rennur leigusamningurinn út þann 31. desember 2015.

Tekjur byggðasafnsins eru óverulegar en aðsókn að safninu hefur verið um 17 til 18 þúsund gestir á undanförunum árum. Byggðasafnið er opið alla daga vikunnar, bæði sumar og vetur. Fyrir utan auglýstan opnunartíma er opnað á öðrum tímum eftir samkomulagi. Samkvæmt yfirliti í skýrslu Björns Steinars þá er opnunartíminn á byggðasafninu yfir vetrartímann einna ríflegastur á Akranesi.³

Opnunartími minjasafna í nokkrum sveitarfélögum

| | Þjóðminjasafnið | Borgarsögusafn Reykjavíkur (Árþeingsafn) | Byggðasafn Hafnarfjarðar (Pakkhúsið) | Minjasafnið á Akureyri | Byggðasafn Reykjanesbæjar (Duuðsum) | Byggðasafn Arnesinga (Húsið á Eyrrabakka) | Byggðasafnið á Akranesi | Minjasafn Austurlands | Byggðasafn Vestmannaeyja | Byggðasafn Skagfirðinga (minjahús) | Byggðasafnið Hvoli - Dalvík | Byggðasafn Vestfirðna - Ísafirði | Safnahús Borgarfjarðar |
|---------------------|----------------------|--|--------------------------------------|------------------------|-------------------------------------|---|-------------------------|-----------------------|--------------------------|------------------------------------|-----------------------------|----------------------------------|------------------------|
| Vetrartími | sep-apr ¹ | sep-mai ² | sep-mai | sep-mai ⁵ | allt árið | okt-apr | sep-mai | sep-mai | sep-mai ⁶ | sep-mai | sep-mai ⁷ | sep-mai | |
| mán | lokað | lokað ² | lokað | lokað | 12-17 | samkl. ⁴ | 13-17 | lokað | samkl. | lokað | lokað | lokað | 13-18 |
| þri | 11-17 | lokað ² | lokað | lokað | 12-17 | samkl. ⁴ | 13-17 | lokað | samkl. | lokað | lokað | lokað | 13-18 |
| mið | 11-17 | lokað ² | lokað | lokað | 12-17 | samkl. ⁴ | 13-17 | lokað | samkl. | lokað | lokað | lokað | 13-18 |
| fim | 11-17 | lokað ² | lokað | 14-16 | 12-17 | samkl. ⁴ | 13-17 | lokað | samkl. | lokað | lokað | lokað | 13-18 |
| fös | 11-17 | lokað ² | lokað | 14-16 | 12-17 | samkl. ⁴ | 13-17 | lokað | samkl. | lokað | lokað | lokað | 13-18 |
| lau | 11-17 | lokað ² | 11-17 | 14-16 | 13-17 | samkl. ⁴ | 13-17 | lokað | 13-16 | lokað | 14-17 | lokað | lokað |
| sun | 11-17 | lokað ² | 11-17 | 14-16 | 13-17 | samkl. ⁴ | 13-17 | lokað | samkl. | lokað | lokað | lokað | lokað |
| Tímar á viku | 36 | 0 | 12 | 8 | 33 | 0 | 28 | 0 | 3 | 0 | 3 | 0 | 25 |

¹) Vetraropnun 16. sep. - 30. apr.

²) Leiðsagnir alla daga kl. 13.

³) Vetraropnun 16. sep. - 14. maí.

⁴) Opið samkvæmt samkomulagi.

⁵) Vetraropnun 16. sep. - 31. maí.

⁶) Vetraropnun 16. sep. - 15. maí. Utan opnunartíma er opið fyrir hópa samkv. samkomulagi.

⁷) Lokað 16. sep. - 14. maí.

³ Úttekt á rekstri menningarmála. Björn Steinar Pálmason. Tafla bls. 18.

Í skýrslunni kemur fram að tekjur safnsins séu alltof lágar miðað við gestafjölda eða eins og segir á bls. 20 „*Rekstrarkostnaður safnsins er of hár m.v. tekjur þess og er mikilvægt að stöðva þá þróun. Eins og sjá má á yfirlitinu hér að ofan eru tekjur af vörusölu og aðgangseyri óverulegar og ef 18 þ.[kr.] gestir sækja safnið árlega eru tekjur af hverjum gesti um 58 kr. Þar af er aðgangseyrir um 46 kr. Mikilvægt er að auka tekjur safnsins. Í rekstrargjöldum vekja athygli háar leigugreiðslur vegna geymsluhúsnæðis, alls um 4,7 m.kr. Leigusamningur um geymsluhúsnæði rennur út í árslok 2015“.*⁴

Í tillögu bæjarráðs er gert ráð fyrir að loka safninu í vetur, byggðasafninu frá 1. október og safnaskálanum frá 1. janúar og fram til vors á meðan verið er að endurnýja sýningar. Á árinu 2015 fékk safnið tvo styrki frá annarsvegar Safnasjóði og hinsvegar frá Uppbyggingarsjóði Vesturlands til þess að vinna að endurnýjun á sýningunni um steinaríki Íslands. Styrkirnir eiga að nýtast við hönnun og grunnvinnu við sýninguna ásamt skráningarvinnu í upplýsingakerfið Sarp. Einnig er verið að vinna að breytingum í byggðasafninu sjálfu og undirbúa sýningu. Ennfremur hefur leiguhúsnæði vegna geymslu verið sagt upp og verið að skoða ódýrari lausnir.

Bókasafn Akraness, héraðsskjalasafn og ljósmyndasafn

Samkvæmt bókasafnalögum nr. 150/2012 ber sveitarfélögum skylda til að reka bókasafn en starfsemi héraðsskjalasafna fellur undir lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Sveitarstjórnir/byggðasamlög þurfa sérstaka heimild mennta- og menningarmálaráðherra til að reka héraðsskjalasafn og veitir Þjóðskjalasafn Íslands rekstrarleyfið. Ef sveitarfélög velja að vera ekki með héraðsskjalasafn sér Þjóðskjalasafn Íslands um móttöku og varðveislu gagna gegn greiðslu. Engin ákvæði eru um ljósmyndasöfn í lögum en ljósmyndir hafa varðveislugildi og eru skilgreind sem skjöl.

Bókasafnið er opið mánudaga til föstudaga kl. 10-18. Yfir vetrarmánuðina, október til apríl er einnig opið á laugardögum kl. 11-14. Í skýrslu Björns Steinars kemur fram að gestir safnsins séu tæplega 40 þúsund á ári, þ.e. um 145 að jafnaði hvern opnunardag (270 dagar á ári). Á laugardögum koma að jafnaði um 30-50 manns á safnið. Fjölgun hefur verið í hópi þeirra sem aðeins koma á safnið og nýta safnkostinn þar en taka ekki gögn að láni. Nákvæm talning á þeim hópi er ekki til. Í tillögum bæjarráðs er gert ráð fyrir því að takmarka opnunartíma safnsins, þ.e. hafa opið tvo morgna í viku í stað fimm og fækka um leið stöðugildum bókavarða og eins

⁴ Úttekt á rekstri menningarmála. Björn Steinar Pálmason. Bls. 20.

störfum við skráningu. Ekki er þó um uppsagnir að ræða heldur verður ekki ráðið í 50 % stöðu bókkavarðar sem losnaði og verkefnum breytt sem deildarstjóri ljósmyndasafns hefur unnið að þannig að starfskraftur hans nýtist í tengslum við skráningar á byggðasafni og í sýningarhaldi.

Tillaga um sameiningu safna

Skýrsluhöfundur lagði fram fjölmargar tillögur að betri nýtingu í málaflokknum. Meðal annars tillögu um sameiningu allra safnanna á Akranesi í eitt safn, það er Byggðasafn Akraness og Hvalfjarðarsveitar (öll söfnin á safnasvæðinu), Héraðsskjalasafn Akraness, Bókasafn Akraness og Ljósmyndasafn Akraness. Tillagan er svohljóðandi:

Lagt er til að stofnað verði starf yfirmanns safna á Akranesi. Jafnframt verði stöður yfirmanna bókasafns, héraðsskjalasafns, ljósmyndasafns og byggðasafns lagðar niður í núverandi mynd. Á hverju safni (bókasafni, héraðsskjalasafni og byggðasafni) verði safnvörður sem beri ábyrgð á viðkomandi safni en heyri undir yfirmann safna. Ljósmyndasafn verði hluti af héraðsskjalasafni (ljósmyndadeild).⁵

Bæjarráð fjallaði um skýrsluna og tillögurnar á fundi sínum þann 12. febrúar 2015 og óskaði eftir umsögn menningar- og safnanefndar Akraneskaupstaðar. Einnig var skýrslan ásamt tillögum kynnt efnislega á fundi með starfsmönnum bókasafns, héraðsskjalasafns og ljósmyndasafns auk þess sem hún var kynnt fyrir forstöðumanni byggðasafns og verkefnastjóra menningarmála.

Menningar- og safnanefnd Akraneskaupstaðar skilaði umsögn um tillögurnar og var umsögnin tekin fyrir á fundi bæjarráðs þann 21. maí 2015 (sbr. fskj. 4). Í framhaldinu var öllum starfsmönnum safnanna, 9 manns, boðið á fund bæjarráðs þar sem hver og einn átti kost á að tjá sig um fyrirbyggjandi tillögur og umsögn nefndarinnar. Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar var einnig send beiðni um umsögn vegna tillagnanna og barst umsögn frá menningar- og atvinnumálanefnd Hvalfjarðarsveitar þann 27. júní síðastliðinn (sbr. fskj. 5).

Í umsögn menningar- og safnanefndar Akraneskaupstaðar kemur fram sú áhersla nefndarinnar að safnasvæðið og byggðasafnið fái aukið vægi í menningarmálum því þar liggja tækifæri í markaðs- og ferðamálum en rekstur bókasafnsins dragist saman t.d. með styttri opnunartíma. Nefndin hefur mjög jákvæða afstöðu til samstarfs safnanna og leggur til að

⁵ Úttekt á rekstri menningarmála. Björn Steinar Pálmason. Bls. 24.

stofnað verði nýtt starf, starf yfirmanns menningar- og safnamála. Gerð er tillaga um að núverandi forstöðumönnum verði sagt upp og þeir ráðnir sem safnstjórar.

Í umsögn menningar- og atvinnumálanefndar Hvalfjarðarsveitar kemur fram jákvæð afstaða til sameiningar en bent er á mikilvægi þess að halda verkbókhald svo það sé ljóst hvaða verkefni tilheyra hverri einingu og einnig er lögð áhersla á að stjórnunarkostnaður aukist ekki. Nefndin leggur mikla áherslu á endurnýjun sýninga og að nútíma tækni sé nýtt í meira mæli en nú er.

Samhljómur er í áherslu menningar- og safnanefndar og því sem kemur fram í atvinnustefnu Akraneskaupstaðar sem var samþykkt vorið 2014. Þar var lögð áhersla á að styðja við ferðamennsku á Akranesi. Þeir „segjar“ sem laða að ferðamenn skiptast yfirleitt í náttúrasegla, menningarsegla og afþreyingarsegla.⁶ Hlutverk sveitarfélaga hvað varðar menningar- og afþreyingasegla er yfirleitt í formi reksturs sundlauga og safna. Viðburðir eins og t.d. Norðurálmót og Írskir dagar laða að ákveðna hópa á Akranes en einungis er um að ræða tvær helgar að sumri þannig að áhrifin á hagkerfið í bæjarfélaginu verða takmörkuð.

Það er því ljóst að ef safnastarf á Akranesi á að ná því markmiði að verða „segull“ í ferðabjónustu á Íslandi þá þarf að efla starfið verulega.

Tillögur bæjarráðs

Við undirbúning tillögunnar hefur verið horft (til þeirra safna) á Íslandi sem hafa sameinast. Þau eru Borgasögusafn í Reykjavík, Safnahús Borgarfjarðar, Hornafjarðarsöfn og Menningarmiðstöð Þingeyinga. Í Kópavogi og á Seltjarnarnesi hafa menningarmál verið sameinuð undir einni yfirstjórn, þó söfnin hafi ekki verið sameinuð í eitt safn.

Í safnahúsinu í Borgarnesi er rekstur bókasafns, minjasafns og héraðsskjalasafns undir umsjón eins forstöðumanns. Í heildina eru 3,5 stöðugildi á safninu.

Í Reykjavík var Borgarsögusafn stofnað árið 2014. Þar voru sameinuð Árbæjarsafn, Sjóminjasafnið, ljósmyndasafn, landnámssýning og umsjón með Viðey. Markmið með sameiningunni var að efla safnastarfið með því að vinna meira að markaðsmálum og nýta betur þann mannauð sem starfar á söfnunum. Stöðugildi eru rúmlega 30.

Í undirbúningi að tillögu bæjarráðs var stefnt að því að setja á laggirnar eitt safn á Akranesi. Lög um rekstur bókasafna hamlu því að sameina starfsemi bókasafna við önnur söfn m.a.

⁶ Sjá t.d. Stefnumótun í ferðabjónustu á Norðausturlandi 2009 til 2014.

vegna skilyrða um menntun forstöðumanns. Bæjarráð taldi að markmiðum um sameiginlega sýn í menningarmálum og samvinnu sérfræðinga yrði ekki náð nema öll söfnin heyrðu undir sama yfirmann. Niðurstaða bæjarráðs er því að stofna málaflokk með einum yfirmanni, forstöðumanni menningar- og safnamála en bókasafnið mun halda ákveðnu sjálfstæði skv. lögum og gerir tillagan ráð fyrir að yfirmaður bókasafnsins verði með starfsheitið *bæjarbókavörður* og heyri undir forstöðumann menningar- og safnamála. Forstöðumanni byggðasafns og deildarstjórum í héraðsskjalasafni og ljósmyndasafni verði boðin breytt störf og verkefni í samræmi við markmið um stofnun málaflokksins en bæjarráð telur að með samstarfi sérfræðinga á sviði safnvörslu, skjalamála, ljósmynda og viðburða undir stjórn öflugss leiðtoga verði hægt að ná fram verðmætara starfi fyrir íbúa Akraness og gesti.

Tillögur bæjarráðs ganga ennfremur út á að efla starfsemi og ímynd safnasvæðisins í Görðum með það að markmiði að ná fram fjölgun gesta og auknum sértekjum í menningarmálunum. Bæjarráð telur mjög mikilvægt að halda áfram með markvisst samstarf við Þjóðminjasafnið og Minjastofnun með það í huga að finna lausn á málefnum Kútters Sigurfara. Einnig þarf að flýta eins og kostur er byggingu bátaskýlis á svæðinu, endurnýja sýningar og/eða taka þær niður, ganga frá merkingum á safngripum á ensku og í framhaldinu stórauka markaðssetningu og kynningu á safnasvæðinu. Loks þarf að huga að ásýnd svæðisins í heild, með hönnun, skipulagi og viðhaldi. Sérstakar tillögur verða lagðar fram í tengslum við fjárhagsáætlun um fjárveitingar á framkvæmdaáætlun 2016.

Starfsmannamál

Mikil verðmæti felast í þeirri þekkingu og reynslu sem starfsmenn í menningar- og safnamálum á Akranesi hafa og mikilvægt að nýta þá auðlegð sem mest.

Á bókasafni, héraðsskjalasafni og ljósmyndasafni eru stöðugildin 6,2. Skilgreining á störfum er þannig að 1 stöðugildi tilheyrir héraðsskjalasafni og 40 % stöðugildi tilheyrir ljósmyndasafni. Þá eru 4,8 stöðugildi sem tilheyra bókasafninu, þar af 1 stöðugildi forstöðumanns.

Á byggðasafninu eru þrjú starfsmenn auk afleysinga um helgar og á sumrin, alls 3,3 stöðugildi. Eitt stöðugildi forstöðumanns, eitt stöðugildi smiðs, 80 % stöðugildi verkefnastjóra og 50 % stöðugildi vegna helgarstarfsfólks. Til viðbótar hefur verið skilgreint 20 % starf við menningarmál og viðburði. Viðkomandi sér um skráningu í listaverkasarp, undirbúning og frágang vegna funda menningar- og safnanefndar, viðburði eins og 17. júní og Vökudaga.





Ut anumhald með Írskum dögum er utan við þá viðburði og var ráðinn sérstakur verkefnastjóri til að annast umsjón með Írskum dögum 2015. Alls eru stöðugildi í málaflokknum 9,7 talsins (fyrir utan Írska daga).

| Hlutverk | Byggðasafn | Bókasafn | Ljósmyndasafn | Héraðsskjalasafn | Bæjarskrifstofa |
|-----------------|------------|------------|---------------|------------------|-----------------|
| Forstöðumenn | 1 | 1 | | | |
| Deildarstjórar | | 0,6 | 0,4 | 1 | |
| Verkefnastjórar | 0,8 | | | | |
| Bókaverðir | | 3 | | | |
| Smiður | 1 | | | | |
| Afleysing/gæsla | 0,5 | 0,2 | | | |
| Viðburðir | | | | | 0,2 |
| Samtals | 3,3 | 4,8 | 0,4 | 1 | 0,2 |

Tillaga bæjarráðs felur í sér að ráðið verði í starf forstöðumanns menningar- og safnamála án þess að auka heildarfjölda stöðugilda í málaflokknum. Fastráðnum starfsmönnum sem eru í meira en 50 % starfshlutfalli verði boðið að taka breytingum á störfum og eftir atvikum breyttum vinnutíma, starfshlutfalli og launakjörum. Lagt verður niður starf verkefnastjóra í menningarmálum í byggðasafninu og fækkað um hálf stöðugildi í bókasafninu. Einnig verður um tilfærslu á verkefnum að ræða, frá bókasafni í byggðasafn og verður unnið að nánari útfærslum á því í samráði við yfirmann bókasafns og viðkomandi starfsmenn. Stöðugildum fækkar í heildina í málaflokknum úr 9,7 stöðugildum í 9,2 stöðugildi.

Stefnt er að því að auglýsa eftir forstöðumanni um miðjan október og er áætlað að ráðningaferlið taki 6 til 8 vikur.

Akranesi 10. september 2015


Regína Ásvaldsdóttir
bæjarstjóri